

Ofbeldi, hótanir og áreitni

Að tryggja kennurum öruggt starfsumhverfi

Hafdís Dögg Guðmundsdóttir, sérfræðingur KÍ í vinnuumhverfis- og jafnréttismálum

Hverjir eiga á hættu að verða fyrir ofbeldi í vinnunni?

- Ýmsar starfsstéttir
 - Til dæmis starfsfólk verslana, banka, veitingarhúsa og hótela, leigubílstjórar, strætóbílstjórar, lögregla og starfsfólk fangelsa, starfsfólk við aðhlynningu, hjúkrun og kennslu.
- Þeir sem umgangast margt fólk og oftast en ekki fólk sem það þekkir lítið eða ekkert. Á því eru þó undantekningar eins og hvað varðar starfsfólk skóla.
- Nýtt starfsfólk í meiri hættu en eldra og reyndara starfsfólk.
- Þar sem nánd er órjúfanlegur hluti af starfinu.

Hvað er ofbeldi og hvað er ekki ofbeldi?

- Áður en við ákveðum skilgreiningu er góð hugmynd að allir starfsmenn skólans komi með dæmi um viðunandi og óviðunandi hegðun nemenda, foreldra og annarra í skólanum.
- Ræðið til dæmis:
 - Hvaða hegðun upplifum við sem áreitni, líkamlegt og/eða andlegt ofbeldi?
 - Hversu oft koma slíkar aðstæður upp?
 - Við hvaða aðstæður upplifum við að við séum í óþægilegum eða áhættusömum aðstæðum?
- Það er mikilvægt að allt starfsfólk skólans fái sameiginlegan skilning á hvaða aðstæður skapa áhættu og/eða eru óviðunandi.
- Felum svo ákveðnum hóp starfsfólks að vinna áfram með þessar upplýsingar og móta endanlega skilgreiningu.

Dæmi um skilgreiningar

- **Ofbeldi:** Hvers kyns hegðun sem leiðir til, eða gæti leitt til, líkamlegs eða sálræns skaða eða þjánainga þess sem fyrir henni verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis.
 - Líkamlegt ofbeldi
 - Árásir, kæfa, sparka, berja, þrýsta, hindra, bíta, klóra og spýta.
 - Andlegt og tilfinningarlegt ofbeldi
 - Fjandsamleg hegðun (athafnir, orð og skrif) sem grafa undan eða valda viðkomandi tilfinningarlegum skaða.
- **Kynferðisleg áreitni:** Hvers kyns kynferðisleg hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknræn og/eða líkamleg.


Hvernig ætlum
við að
fyrirbyggja
ofbeldi?
Hvernig ætlum
við að taka á
ofbeldi sem
kemur upp?

- Þegar þið hafið skilgreint hvað átt er við með ofbeldi í skólanum ykkar þarf að skilgreina meginreglur um viðeigandi hegðun:
 - Hvaða hegðun þarf að sýna til að koma í veg fyrir ofbeldi og hótanir?
 - Setja þarf fram **meginreglur um viðeigandi hegðun**.
 - **Ákvæði um hótanir, ofbeldi og áreitni gangvart starfsfólki skóla skulu vera í skólareglum**.
 - Búa þarf til **verklagsreglur / viðbragðsáætlun** ef ofbeldi kemur upp.
 - Tryggja þarf **stuðning** til þess sem verður fyrir ofbeldinu.
 - Koma þarf fram hvernig ofbeldisatburðum verður **fylgt eftir** (t.d. af stjórnanda, félagslegum trúnaðarmanni og öryggistrúnaðarmanni).
 - Koma þarf fram hvaða **viðurlög** eru við því að beita hótunum og ofbeldi í skólanum.

Dæmi um leiðbeiningar ef starfsmanni skóla er hótað eða hann beittur ofbeldi af hálfu nemanda

- Hótun eða ofbeldisatburður tilkynntur til stjórnanda og trúnaðarmanna.
- Haft er samband við foreldra viðkomandi nemanda og sagt frá hegðun hans. Ef atvikið er alvarlegt er nemandanum komið í hendur foreldra.
- Skrá skal atburðinn **formlega og undantekningarlaust**
 - Til dæmis í trúnaðarbók skóla eða í *mentor* – ath. þá að fylgja reglum um persónuvernd.
 - Lýsa aðdraganda og atburðinum sjálfum og meta mögulega hættu af atburðinum.
- Stjórnandi og trúnaðarmenn tryggja að viðkomandi starfsmanni sé boðin viðunandi aðstoð.
- Skólastjórnandi tekur á málinu - með samtali við viðkomandi nemanda og/eða foreldra, leggur það fyrir nemendaverndarráð ef málið er þess eðlis (grunnskóli) og/eða fær ráðgjöf sérkennara, náms- og starfsráðgjafa, skólasálfræðings og/eða skólaskrifstofu.
- Tilkynna skal atburðinn til viðeigandi aðila (lögregla/barnavernd) ef við á. Slíkt er afar mikilvægt ef um er að ræða alvarlegan atburð til að tryggja að allir aðilar máls eigi kost á réttlátri málsmeðferð og varðandi t.d. bótarétt ef e-r slasast.

FERLI OFBELDISMÁLA AF HENDI NEMANDA Í GARÐ KENNARA



Þess barf að gæta að afla eagna um málið og skrá atvikið ásamt upplýsingum úr viðtölum og aðrar munnlegar upplýsingar sem berast

Vinnueftirlitið. Á að tilkynna hótanir eða ofbeldi sem vinnuslys?

- Skv. Vinnueftirlitinu er eingöngu skylt að tilkynna „slys“. Slys eru skilgreind sem skyndilegur og óvæntur atburður sem leiðir til fjarveru þann daginn og daginn eftir a.m.k. Þannig að fjarvera skiptir hér máli.
- Vinnueftirlitið hvetur skóla samt til að vera með óhappa skráningu á tilvikum sem leiða ekki til fjarveru. Þá eiga allir skólar að hafa gert áhættumat og ef slíkt tilvik verður (nemandi ógnar kennara eða beitir ofbeldi) þá er mikilvægt að fara yfir viðbragðsáætlun.
- **Þrátt fyrir að það sé ekki skylt að tilkynna öll tilvik leggur KÍ áherslu á það sé engu að síður gert! Það er betra að tilkynna og fá atvik skráð heldur en ekki, sérstaklega ef upp koma afleiðingar eða álitamál seinna meir.**
- http://www.vinnueftirlit.is/media/eydublod/tilkynning_um_vinnuslys.pdf

Áreitni?
Ofbeldi?
Eða bara
saklaust
grín?



Fyrirmynd Starfsmanna- handbók Naustaskóla

- „Lög heimila að myndir séu teknar í kennslustofum eða skólastarfi almennt. Hins vegar skiptir meira máli hvernig staðið er að myndbirtingu og hvaða tilgangi hún þjónar.“
- Í svari frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga um þetta mál segir að litið sé á opnar samfélagssíður, eins og Facebook, sem fjölmiðla. Því gilda almennar reglur um myndbirtingar á þeim síðum þar sem gengið er út frá því að birtingin sé ætíð í samræmi við notkunarskilmála viðkomandi samfélagsmiðils sem banna hatursáróður, klám og hvatningu til lögbrota. Meginreglur kveða jafnframt á um að meðan birtingin þjónar sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum tilgangi þá sé hún innan ramma laganna.

Fyrirmynd Starfsmanna- handbók Naustaskóla

- Sé birt persónugreinanleg mynd af nemanda eða starfsmanni í meiðandi eða niðurlægjandi tilgangi brýtur það alltaf í bága við persónuverndarlög sem enn fremur leggja bann við því að miðla upplýsingum (þ.m.t. myndefni) um viðkvæm málefni svo sem heilsufar barns eða starfsmanns.
- Sé hins vegar um að ræða myndir af börnum við eðlilegar aðstæður í leik og starfi á skólatíma ætti almennt að byggja á 5. gr. persónuverndarlaganna þar sem fram kemur að vega eigi saman tjáningarfrelsi og vernd einkalífs þegar fjölmiðlar eiga í hlut.

Fyrirmynd Starfsmanna- handbók Naustaskóla

- Hér er þó rétt að fylgja ákveðnum viðmiðum. Nefna má dæmi:
 - Foreldrar mega birta myndir af börnum sínum í skólanum ef önnur börn á myndunum, eða starfsmenn eftir atvikum, eru ekki meginviðfangsefni myndarinnar.
 - Í Danmörku eru þessi viðmið mótuð þannig að ekki þurfi að afla samþykkis fyrir svonefndum „situation“ myndum (yfirlitsmynd eða mynd af ákveðnum aðstæðum) en að „portræt“ myndir af skólabörnum og starfsfólki megi ekki taka og birta án samþykkis viðkomandi eða foreldris barns sem á í hlut.
 - Sá sem setur „situation“ mynd á vefinn ber jafnan ábyrgð á birtingunni og er viðkomandi skylt að bregðast við því ef athugasemdir berast frá þeim sem eru á myndinni.

Fyrirmynd. Starfsmanna- handbók Naustaskóla

- Í þeim tilvikum sem nemendur taka myndband af kennara við kennslu gagngert til að afla sönnunargagna um framkomu kennarans þá gilda sömu reglur um birtingu þess og annarra mynda á opinberum vettvangi s.s. á vef eða í fjölmiðlum. Þar er sannanlega verið að birta mynd af ákveðnum einstaklingi í þeim tilgangi að „sanna“ á hann eitthvað saknæmt. Slík birting myndi teljast óheimil nema með samþykki viðkomandi.
- Upptökuna má engu að síður nota til að rannsaka hugsanlegar ávirðingar á hendur starfsmanni og þá eingöngu til þess.
- Til að draga úr hættunni á að myndatökur í skólastarfi verði misnotaðar, hvort sem nemendur eða starfsfólk á í hlut, ættu skólar að setja í skólareglur ákvæði um notkun á þessari tækni og heimila hana eingöngu í þeim tilgangi að hún styðji við nám og kennslu. Að öðru leyti ætti ekki að leyfa notkun síma, myndavéla, spjaldtölva, annarra upptökutækja eða fartækja (mobile devices) á meðan á kennslu stendur.“
- http://naustaskoli.is/static/files/starfsmannahandbok_naustaskola.pdf

Leiðbeiningar sem hægt er að gefa kennurum sem verða fyrir áreitni á samfélags- miðlum

- Kennarar taki afrit af öllum óréttmætum skilaboðum, myndbirtingum, uppfærslum og blogg færslum.
- Tilkynna skal stjórnanda um atburðinn strax.
- Ef kennari veit hver braut á honum skal hafa samband við nemandann - og forráðamann ef nemandi er yngri en 18 ára.
- Kennari getur krafist þess að færsla sé fjarlægð af netinu.
- Myndbirting getur falið í sér meiðyrði.

Niðrandi myndbirting getur falið í sér meiðyrði

- Hver, sem meiðir æru annars manns með móðgun í orðum eða athöfnum, og hver, sem ber slíkt út skal sæta sektum eða fangelsi...
- Ef maður dróttar að öðrum manni einhverju því, sem verða myndi virðingu hans til hnekkis, eða ber slíka aðdróttun út, þá varðar það sektum eða fangelsi...
- Hvort sem er gegn betri vitund, þótt viðkomandi hafi ekki haft sennilega ástæðu til að halda hana rétta eða þótt hann segi satt.
- Í meiðyrðamáli má dæma óviðurkvæmileg ummæli ómerk, ef sá krefst þess, sem misgert var við.
- Dæma má þann, sem sekur reynist um ærumeiðandi aðdróttun, til þess að greiða þeim, sem misgert var við, miskabætur.

Almenn hegningarlög nr. 19/1940

Lokaorð

Ofbeldi, hótanir og áreitni eru aldrei réttlætanleg.

Ofbeldi, hótanir og áreitni skulu aldrei látin óátalin.

Ofbeldi, hótanir og áreitni varða ekki eingöngu viðkomandi starfsmann heldur hafa áhrif á andlegt vinnumhverfi allra í skólanum.

Þess vegna eru forvarnir og meðhöndlun slíkra mála á ábyrgð allra á vinnustaðnum.

Ítarefni Leikskólar

Reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum.

- **9. gr. Stuðningur við starfsfólk.**

Í stuðningi við starfsfólk skóla felst m.a. ráðgjöf vegna kennslu og umönnunar nemenda og ráðgjöf vegna náms nemenda með sérþarfir. Stuðningur við starfsfólk felst einnig í ráðgjöf vegna starfshátta skóla, nýbreytni- og þróunarstarfa og starfsumhverfis.

Ítarefni Grunnskólar

- Leiðbeiningar og verklagsreglur skv. reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum nr. 1040/2011
 - <http://www.samband.is/verkefnin/skolamal/grunnskoli/leidbeiningar-og-verklagsreglur/>
- Almenn viðmið um skólareglur í grunnskólum
 - http://www.samband.is/media/skolamal/Almenn_vidmid_um_skolareglur_grunnskola_2015.pdf
- Verklagsreglur um viðbrögð við verulegum frávikum nemenda frá ábyrgð og skyldum í grunnskóla (Árborg)
 - <http://www.samband.is/media/grunnskoli/Verklagasreglur-i-Arborg-9--mars-2012.pdf>
- Leiðbeiningar um líkamlegt inngrip í mál nemenda vegna óásættanlegrar og/eða skaðlegrar hegðunar
 - <http://www.samband.is/media/grunnskoli/Leidbeiningar-um-13--gr--rglg-nr-1040-2011.pdf>

Ítarefni Framhalds- skólar

Lög um framhaldsskóla 92/2008

33. gr. a. Ábyrgð nemenda.

- Nemendur bera ábyrgð á eigin námi, framkomu sinni og samskiptum.
- Nemendum ber að hlíta fyrir mælum kennara og starfsfólks framhaldsskóla í öllu því sem skólann varðar, fara eftir skólareglum og fylgja almennum umgengnisreglum í samskiptum við starfsfólk og samnemendur.
- Ef hegðun nemanda reynist verulega áfátt ber skólanum að leita orsaka þess og reyna að ráða á því bót, m.a. með viðtölum við nemandann sjálfan og foreldra hans sé hann yngri en 18 ára.
- Meðan mál skv. 3. mgr. er óútkljáð getur skólameistari vísað nemanda úr skóla um stundarsakir eða ótímabundið, enda tilkynni hann nemandanum, og foreldrum hans sé hann yngri en 18 ára, tafarlaust þá ákvörðun. Um slíka ákvörðun gilda ákvæði stjórnslulaga. Skólinn skal leiðbeina nemanda yngri en 18 ára, sem vísað er úr skóla ótímabundið, um mögulega endurkomu í nám óski hann þess.
- Við ákvörðun skólameistara um rétt eða skyldur skv. 2. mgr. 1. gr. stjórnslulaga, svo sem brottvísun úr skóla í fleiri en einn skóladag eða að nemandi sé meinað að sækja kennslutíma í ákveðnu fagi eða námsgrein um nokkurt skeið, skal fylgja reglum stjórnslulaga um málsmeðferð. Ákvörðun skólameistara er kæránleg til ráðherra. Um málskot gilda ákvæði VII. kafla stjórnslulaga.

Ítarefni Framhalds- skólar

33. gr. b. Skólabragur.

- Öllum aðilum skólasamfélagsins ber að leggja sitt af mörkum til þess að stuðla að og viðhalda góðum starfsanda og jákvæðum skólabrag.
- Skólastjórnendum og kennurum ber að eiga samráð við foreldra um hegðun, líðan og samskipti barna þeirra yngri en 18 ára. Foreldrum ber með sama hætti að eiga samráð við skólann um skólagöngu barna sinna. Sama á við um aðra forsjáraðila barna í viðkomandi skóla.
- Hver skóli skal setja sér skólareglur og birta þær í skólanámskrá. Í reglunum skal m.a. kveðið á um hegðun og almenna umgengni, samskipti, heilbrigðar lífsvenjur, skólasókn, námsframvindu, meðferð ágreiningsmála og beitingu viðurlaga.
- Framhaldsskólar skulu hafa heildstæða stefnu um það hvernig fyrirbyggja eigi að líkamlegt, andlegt eða félagslegt ofbeldi eigi sér stað í skólastarfi.
- Skólar skulu einnig hafa áætlun um framkvæmd tilkynningarskyldu samkvæmt barnaverndarlögum, og jafnframt um hvernig brugðist er við tilvikum um einelti, annað ofbeldi og félagslega einangrun.
- Ráðherra er heimilt að mæla nánar fyrir um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í reglugerð sem sett er sameiginlega á grundvelli þessarar greinar og 33. gr. a. Þar skal m.a. mælt fyrir um starfrækslu fagráðs á vegum ráðuneytisins er verði ráðgefandi í eineltismálum.